

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Uxahryggur 2, 4 lóðir, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 13. september 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir 4 lóðir úr landi Uxahryggjar 2. Heimilt verður að byggja á hverri lóð frístundahús, allt að 150 m² og gestahús allt að 40 m², mænishæð allt að 6 m, og önnur smáhýsi sem eðlilegt getur talist að tilheyri frístundahúsi, s.s. gróðurhús, geymslu, baðhús o.þ.h. Aðkoma að lóðunum er frá Landeyjavegi nr. 252.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 15. september 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. október 2023